

Stjórnarfundur LH 12. mars 2010

17. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Ísleifur Jónasson, Maríanna Gunnarsdóttir og Gunnar Sturluson varamaður, sat fundinn en greiddi ekki atkvæði.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Vísað til næsta fundar

2. Landsmót hestamanna.

Stjórn tók á móti gestum Ómar Diðriksson og Jónína Stefánsdóttir, afhentu þau undirskriftarlista og ályktanir hestamannafélaga sem mótmæla ákvörðun stjórnar um að semja við hestamannafélagið Fák um landsmót hestamanna 2012, Var staða mála rædd og ítrekuðu gestir skoðun sína að stjórn endurskoðaði ákvörðun sína um staðarval landsmót 2012. Stjórn tjáði gestum að málin yrðu rædd í framhaldinu..

3. Formannafundur

Stjórn ákvað að boða formenn aðildarféлага LH til fundar til þess að ræða ákvörðun stjórnar um staðarval landsmóts 2012 og þau mótmæli sem stjórn LH hefur borist í framhaldi að því. Fundurinn verður haldin 26 mars 2010, kl 13:00 í húsakynnum LH.

4. Samningur um Landsmót 2012.

Samningur um landsmót 2012 var lagður fram til skoðunar fyrir stjórnarmenn. Eftir umræður var samningurinn borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur með sex atkvæðum af sjö, einn sat hjá.

Næsti fundur ekki ákveðinn.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*